

AUGLÝSING

um friðlýsingu Borgarvogs

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, að tillögu Umhverfisstofnunar og með samþykki Borgarbyggðar og landeigenda, að friðlýsa Borgarvog sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Borgarvogur er eitt af mikilvægari fuglasvæðum Vesturlands. Borgarvogur er á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og er svæði nr. 239. á núverandi náttúruminjaskrá, þ.e. vogurinn allur ásamt fjörum, leirum og fitjum.

Fuglalíf á svæðinu er ríkt allt árið og dreift. Vogurinn er bæði mikilvægur vegna lífríkis í voginum sjálfum og fyrir fugla sem nýta Borgarvog og fleiri svæði í nágrenninu.

Borgarvogur hefur því bæði mikið staðbundið verndargildi og mikið verndargildi sem hluti af stærra svæði, þ.e. mikilvægu fuglasvæði. Votlendi, leirur og fitjar njóta einnig sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013.

Vogurinn geymir víðáttumikla gulþörungaleiru sem er sú stærsta af þessari vistgerð hér á landi sem er þekkt. Yfir 20 fuglategundir nýta sér leiruna og eru vaðfuglar þar í meirihluta, þ.á m. tjaldur, sandlóa, heiðlóa, lóupræll, spói, jaðrakan og stelkur, sem allar verpa á Íslandi og einnig fargestirnir rauðbrustingur og sanderla sem hafa hér viðdvöl á leið til norræna varpstöðva. Einnig er þar að finna andfugla og máfa.

Leiran í Borgarvogi er óvenjuleg að því leyti að hún nær allt frá stórstraumsfjöru og upp að sjávarfitjum við mörk háflóðs. Lífríki gulþörungaleira einkennist af þörungaskán á yfirborði og miklum þéttleika ána (*Oligochaeta*), sem eru smávaxnir hryggleysingar. Þar er einnig að finna önnur smádyr, s.s. burstaorma (*Polychaeta*) og rykmýslirfur (*Insecta*). Auk þess að vera fuglum nauðsynlegar gegna leirur einnig mikilvægu hlutverki við að takmarka gróðurhúsaáhrif og önnur neikvæð áhrif loftslagsbreytinga en leira bindur gróðurhúsalofttegundir og er binding á flatareiningu mikil.

Rannsókn- og fræðslugildi svæðisins er jafnframt hátt og vogurinn hentar vel til fuglaskoðunar.

Friðlýsingin samræmist markmiði 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem kveðið er á um vernd líffræðilegrar fjölbreytni með því að viðhalda tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum.

Við ákvörðun um friðlýsingu var m.a. höfð hliðsjón af Bernarsamningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995), Ramsar-samþykktinni um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978) og Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (sbr. Stjórnartíðindi C 14/1993 og 39/1993).

Hið friðlýsta svæði er 2,6 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingar svæðisins er að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Borgarvogs og líffræðilega fjölbreytni svæðisins þannig að fái þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum sínum og á eigin forsendum. Jafnframt er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins og að almenningur fái notið svæðisins til náttúruskoðunar og fræðslu.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

4. gr.

Umsjón með friðlandinu.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun er heimilt, að höfðu samráði við landeigendur og sveitarfélagið, að gera umsjónarsamning um friðlandið, sbr. 1. mgr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Nánar skal fjallað um umsjón friðlandsins í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landvörslu, verndun dýralífs, gróðurs og jarðminja, verndaraðgerðir, rannsóknir og vöktun, fræðslu og miðlun upplýsinga, framandi tegundir og aðgerðir í tengslum við þær, umferð og aðgengi gesta, þ.m.t. aðgengi fólks með fötlun, veiði, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við landeigendur svæðisins, viðkomandi sveitarstjórn, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Heimilt er að setja ítarlegri reglur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

Umferð í friðlandinu.

Almenningi er heimil för um friðlandið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem þar gilda. Forðast skal að valda öðrum óþægindum eða truflun með hávaða. Ávallt skal fara eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum, slóðum eða vegum eftir því sem auðið er.

Næturdvöl og tjöldun er óheimil innan friðlandsins.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Notkun vélknúinna vatnatakja (s.s. sjókatta, sæpota o.þ.h.) er óheimil innan friðlandsins, nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Hundar og önnur gæludýr skulu höfð í taumi innan friðlandsins. Þess skal gætt að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins, skemmdum á náttúru eða valdi öðrum gestum ónæði. Skylt er að fjarlægja úrgang frá gæludýrum á svæðinu.

Flug fjarstýrðra loftfara (dróna) er óheimilt yfir friðlandinu á varptíma og fartíma, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilin er notkun fjarstýrðra loftfara vegna almannahagsmuna, björgunar- eða lögregluaðgerða. Að öðru leyti skal farið með notkun ómannaðra loftfara (dróna) samkvæmt reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Varptími og fartími skal skilgreindur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

Heimilt er að setja nánari reglur um umferð og dvöl í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

Umngengi um friðlandið.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlandsins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð ílát eða hann tekinn með út af svæðinu.

Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu.

8. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun lífríkis í friðlandinu í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun, í samráði við landeigendur og sveitarfélagið Borgarbyggð, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið. Þar skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

10. gr.

Verndun dýralífs, gróðurs og jarðminja

Vernda skal lífríki friðlandsins, líffræðilega fjölbreytni þess og vistkerfi.

Óheimilt er að trufla dýralíf eða raska gróðri, á landi, í fjöru og í sjó.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi og/eða ágengar lífverur í friðlandinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka þess, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Unnið skal að því að fjarlægja framandi tegundir sem hafa verið fluttar inn á svæðið eða berast inn á það og ógnað geta innlendum vistkerfum, búsvæðum eða tegundum friðlandsins.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt nema með sérstöku leyfi, sbr. 12. gr.

Nánar skal fjallað um verndun gróðurs og dýralífs, fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi og/eða ágengra tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Verndun menningarminja.

Um vernd menningarminja fer skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu, sem áhrif kunna að hafa á verndargildi friðlandsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sveitarfélagsins Borgarbyggðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki, sem og leyfi landeigenda.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Hrossabeit er heimil innan friðlandsins, eins og verið hefur.

Nánar skal kveðið á um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

Veði, nýting hlunninda og notkun skotvopna.

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu er notkun skotvopna til minkaveiða og refaveiða. Þá er landeiganda heimilt að verja æðavarp með veiðum í samræmi við ákvæði laga um vernd villtra dýra þar um, þó með þeim fyrirvara að það skaði ekki eða trufla varp annarra tegunda. Umhverfisstofnun, í samráði við Borgarbyggð, er heimilt að veita leyfi til veiða á tegundum sem flokkaðar eru sem ágengar og framandi tegundir.

Veði og notkun skotvopna skal ávallt vera í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnvaldsfyrirmæli.

Hefðbundnar nýttjar landeiganda, s.s. nýting æðarfugls, eggjataka og netalagnir fyrir silung, eru heimilar eins og verið hefur í samræmi við sett lög og stjórnvaldsfyrirmæli þar um. Við nýtingu hlunninda skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi.

Nánar skal fjallað um veiði, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Viðurlög

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

15. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Staður, dagsetning

Umhverfis- og auðlindaráðherra